

EFTIRLITSSKÝRSLA

First Water hf. (áður Landeldi hf.) Öxnalæk í Hveragerði



Dags eftirlits	11.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	First Water hf. (áður Landeldi hf.)	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Öxnalæk, Hveragerðisbæ	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóel Freyr Jóhannsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	393201,157 388615,307

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Átta frávik komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti hefur ekki verið skilað inn til eftirlitsaðila. 2) Umhverfisupplýsingum var ekki skilað inn til eftirlitsaðila fyrr en 14. maí 2025. 3) Umhverfisupplýsingar voru með ófullnægjandi upplýsingum, upplýsingar um fosfórslosun voru ekki réttar. 4) Framleiðsla ársins 2024 var rúmlega 145 tonn sem er umfram þau 100 tonn sem heimilt er skv. starfsleyfi í stöðinni. 5) Fosfórslosun var 7,9 P/kg tonn sem er yfir mörkum starfsleyfis. 6) Engar árekstrarvarnir eru við olútank. 7) Fóðurleifar voru í viðtakanum sem er áin. 8) Styrkur ammóníaks var 0,18 -0,32 mg/l í sýnatöku 18. desember 2024 sem er yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis.

Eldri frávik.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. 1) Framleiðsla fyrir árið 2023 var yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis. Í úrbótaáætlun frá 3. september 2024 var stefnt að ljúka beiðni um breytingu á starfsleyfi fyrir 29. nóvember 2024, því hefur ekki verið lokið. 2) Ammóníak í fráveituvatni var yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis. Samkvæmt úrbótaáætlun ætlaði rekstraraðili að hafa samband við Sýni ehf. um að fá viðeigandi sýnatökuglös til að kanna stöðu ammóníaks í frárennsli. Áætluð verklok voru 30. september 2024. Því hefur ekki verið lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonnum af laxa- og bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldistöðvar.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

1. Fimm frávik komu fram við eftirlit árið 2024. Þremur þeirra hefur verið lokað, tvö frávik eru ennþá opin frá því í fyrra. 1) Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 133,5 tonn sem er umfram þau 100 tonn sem heimilt er skv. starfsleyfi í stöðinni. 2) Ammóníak í fráveituvatni er yfir leyfilegum mörkum samkvæmt starfsleyfinu.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Framleiðsla fyrir árið 2024 var 145 tonn og var framleiðslan yfir leyfilegum hámarks lífmassa sem er 100 tonn og er það því frávik. Umhverfisupplýsingum á að skila fyrir 1. maí ár hvert til eftirlitsaðila. Umhverfisupplýsingarnar bárust ekki fyrir þann tíma og er það því frávik. Þeim var skilað inn til eftirlitsaðila 14. maí sl. og er frávikinu því lokað. Umhverfisupplýsingarnar eru með ófullnægjandi upplýsingum, forfórslosun er ekki rétt skráð og er það því frávik. Ársyfirliti á að skila inn til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert, ársyfirliti hefur ekki verið skilað inn og er það því frávik. Minnt var á að skila ársyfirliti og umhverfisupplýsingum inn fyrir 1.maí ár hvert og með réttum upplýsingum.

4. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út var 7,9 kg P/tonn og er yfir mörkum starfsleyfis, sem er 7,0 kg P/tonn og er því frávik. Losun köfnunarefnis reiknaðist 45,7 kg N/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt gr. 2.4. í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks mældist 0,18 mg/l upp í 0,32 mg/l í sýnatöku 18. desember 2024 og er yfir leyfilegum mörkum sem eru 0,025 mg/l samkvæmt gr. 2.7 í starfsleyfi og er því frávik.
5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.
6. Gengið var um svæðið og var búið að byggja tjald yfir útikerin. Mikil tiltekt hefur verið á svæðinu og lítur svæðið mjög vel út. Búið er að farga öllu óparfa rusli sem var á svæðinu og búið að flokka það rusl sem býður förgunar. Vandræði hafa verið á hreinsibúnaðinum og var hann ekki virkur árið 2024, búið er að laga hreinsibúnaðinn. En fóður var í viðtaka í ánni og er það frávik. Engar árekstrarvarnir voru við olútankinn og er það frávik.
7. Efni eru geymd í læstri geymslu og á lekabyttum. Öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu og hurð inn í geymsluna merkt á viðunandi hátt.
8. Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á breyttu verklagi Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olúskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi.	Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonn af laxa- eða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Framleiðslan árið 2024 var 145 tonn.
gr. 2.4 í starfsleyfi.	Fosfórslosun var yfir mörkum starfsleyfis.
gr. 2.5 í starfsleyfi.	Í eftirlitinu 11. júní 2025, þá var uppsafnað fóður í viðtakanum.
gr. 3.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar.
gr. 3.6 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi eða umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað fyrr en 14. maí 2025, og telst því frávikin lokað.
gr. 3.6 í starfsleyfi.	Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum.

gr. 2.7 í starfsleyfi.

Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fóru fram 17. desember 2024.

gr. 2.12 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi.

Skv. 41. gr. í reglugerðinni þurfa mengunarvarnir vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar. 1) Hámarkssýnatoka á að vera framkvæmd þegar mesti lífmassi er í stöðinni. Lágmarkssýnatoka á að vera framkvæmd þegar lægsti lífmassi er í stöðinni. 2) Rekstraraðila var bent á að huga að hreinsun á tromlusíu svo hún virki sem hreinsivirki.

ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

03.07.2025

Auður Eyberg Helgadóttir